

## Fundur skólaráðs þriðjudaginn 10. September 2013

Fundinn sátu: Halldóra skólastjóri, Sigurður og Geirlaug fulltrúar foreldra, Rósa og Valdís fulltrúar kennara og Guðbjörg aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð. Fulltrúi starfsmanna er veikur og fulltrúar nemenda verða í vetur Elsa Katrín Eiríksdóttir formaður nemendaráðs og Ólafur Þór Unnarsson varaformaður. Ekki náðist að boða nemendafulltrúa fyrir þennan fyrsta fund.

1. Hugleiðingar Halldóru um fund með foreldrum fyrstu bekkinga
2. Starfsáætlun skólaráðs
3. Ákveðið að hafa fundi að jafnaði annan þriðjudag í mánuði.
  - 8.okt. -Rekstraráætlun og starfsáætlun skóla
  - 5.nóv. -Foreldrafélag, samstarf heimila og skóla. Þróunarverkefni.  
14.jan. -Húsnæðismál, aðstaða og aðbúnaður, skólareglur
  - 11.feb. -Starfsmannamál og skipulag næsta skólaárs
  - 8.apríl -Niðurstöður úr starfsmannasamtölum, endurmenntun.
  - 13.maí -Mat á skólastarfi.
4. Drög að endurskoðaðri skólastefnu Grindavíkurbæjar Athugasemdir undir kaflanum Skólastefna Grindavíkur – upptalning grunnþátta ætti að vera með punktum fyrir framan, eins og upptalning. Frístund fatlaðra – ath. grein 2 betra að setja frístundastarf í viðverutíma sínum. (í stað á viðverutíma). Farið yfir skólastefnuna með þeim athugasemdum sem komu fram hjá starfsmönnum skólans og skólaráð lýsir ánægju sinni með skólastefnu Grindavíkurbæjar.
5. Upphaf skólastarfsins. Halldóra fór yfir ráðningar nýs starfsfólks. Síðan var fjallað um framkvæmdir og breytingar m.a. vegna vatnstjóns í Hópsskóla og nýbyggingar við Ásabraut. Nemendaráð verður í vetur þrumuráð líka og starfar undir stjórn Jóhanns Árna Ólafssonar. Unnin hefur verið ný viðmiðunarstundatafla fyrir hvern árgang. Halldóra útskýrði tækifæri í stundatöflunni með ákveðnum blokkum þar sem árgöngum er skipt niður í smærri hópa, 2ja og 3ja kennara kerfi. Dans er kenndur í 5.bekk auk 1.-3.bekkkjar og nú er kennd skák í 4. og 6.bekk.
6. Starfið framundan  
Verkefnateymi – starfsmannahópurinn hefur valið sér teymi til að vinna að í vetur Skólanámskrárvinna  
Vinabæjarverkefni við Piteå og Rovaniemi.
7. Skipulag stjórnunar og skipurit, sjá skipurit á heimasíðu skólans.
8. Skipulag samstarfsfunda kynnt
9. Fjárhagsáætlunarvinna hefst í október  
Ljóst er að gera þarf áætlun um endurnýjun tölvukosts skólans, bóna þarf Ásabrautarhúsnæðið, setja upp filmur á suðurhlið Ásabrautar og nemendahúsgögn.
10. Skólanámskrárvinna fer af stað í september og byrjað verður á umfjöllun um skólareglur, gildi og sýn á skólastarfið. Vinna með gæðagreina, innra mat verður lagt til hliðar þar sem vinna við skólanámskrá er innra mat.
11. Önnur mál
  - a) Skólastjóri telur starfið fara vel af stað og góður andi. Starfsmenn eru að fara til Akureyrar á starfsdögum.
  - b) Verið er að prufa að hafa opnar kennslustofur í frímínútum og hádegi og það gefst vel.